

## REGLUGERÐ

## um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

21

19. marz


## 1. gr.

Allar botnvörpu- og dragnótaveiðar skulu bannaðar umhverfis Ísland innan línu, sem dregin er 4 sjómilur frá yztu annesjum, eyjum eða skerjum og þvert fyrir mynni flóa og fjarða.

Markalínan skal dregin þannig, að fyrst skulu dregnar beinar grunnlínur milli eftirfarandi staða og síðan línan sjálf samhliða þeim, en 4 sjómílum utar. Grunnlínustaðirnir eru þessir:

1. Horn .....	66°27'4 n.br., 22°24'5 v.lg.
2. Íraboði .....	66°19'8 — 22°06'5 —
3. Drangasker .....	66°14'3 — 21°48'6 —
4. Selsker .....	66°07'3 — 21°31'2 —
5. Ásbúðaríf .....	66°08'1 — 20°11'2 —
6. Siglunes .....	66°11'9 — 18°50'1 —
7. Flatey .....	66°10'3 — 17°50'5 —
8. Lágey .....	66°17'8 — 17°07'0 —
9. Rauðinúpur .....	66°30'7 — 16°32'5 —
10. Rifstangi .....	66°32'3 — 16°11'9 —
11. Hraunhafnartangi .....	66°32'3 — 16°01'6 —
12. Langanes .....	66°22'6 — 14°32'0 —
13. Skálatóarsker .....	65°59'7 — 14°37'5 —
14. Bjarnarey .....	65°47'1 — 14°18'3 —
15. Almenningsfles .....	65°33'1 — 13°40'6 —
16. Glettinganes .....	65°30'6 — 13°36'4 —
17. Norðfjarðarhorn .....	65°10'0 — 13°31'0 —
18. Gerpír .....	65°04'7 — 13°29'8 —
19. Hólmur .....	64°58'9 — 13°30'7 —
20. Setusker .....	64°57'7 — 13°31'6 —
21. Þursasker .....	64°54'1 — 13°36'9 —
22. Yztiboði .....	64°35'2 — 14°01'6 —
23. Selsker .....	64°32'8 — 14°07'1 —
24. Hvítugar .....	64°23'8 — 14°28'1 —
25. Stokksnes .....	64°14'1 — 14°58'5 —
26. Hrollaugseyjar .....	64°01'7 — 15°58'8 —
27. Tvísker .....	63°55'6 — 16°11'4 —
28. Ingólfshöfði .....	63°47'8 — 16°38'6 —
29. Hvalsíki .....	63°44'1 — 17°33'7 —
30. Meðallandssandur I .....	63°32'4 — 17°56'0 —
31. Meðallandssandur II .....	63°30'6 — 18°00'0 —
32. Mýrnatangi .....	63°27'4 — 18°12'0 —
33. Kötlutangi .....	63°23'4 — 18°43'0 —
34. Lundadrangur .....	63°23'5 — 19°07'6 —
35. Geirfuglasker .....	63°19'0 — 20°30'1 —
36. Einidrangur .....	63°27'4 — 20°37'2 —
37. Selvogur .....	63°49'2 — 21°39'4 —
38. Hópsnes .....	63°49'3 — 22°24'6 —
39. Eldeyjarangur .....	63°43'8 — 22°59'6 —

5



40. Gáluvikurtangi .....	64°44'9 n.br., 23°55'2 v.lg.	21
41. Hraunvör .....	64°49'6 — 24°01'0 —	19. marz
42. Skálasnagi .....	64°51'2 — 24°02'7 —	
43. Bjargtangar .....	65°30'2 — 24°32'3 —	
44. Kópanes .....	65°48'3 — 24°06'3 —	
45. Barði .....	66°03'7 — 23°47'6 —	
46. Straumnes .....	66°25'7 — 23°08'5 —	
47. Kógur .....	66°28'3 — 22°55'8 —	
48. Horn .....	66°27'9 — 22°28'5 —	

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði, 4 sjómílu frá þeim:

49. Kolbeinsey .....	67°07'5 n.br., 18°36'0 v.lg.
50. Hvalsbakur .....	64°35'8 — 13°16'7 —
51. Geirfugladrangur .....	63°40'6 — 23°17'3 —

Loks skal dregin markalína í kringum Grímsey, 4 sjómílu frá yztu annesjum og skerjum hennar.

#### 2. gr.

Á svæði því, sem um ræðir í 1. gr., skulu útlendingum einnig bannaðar hvers konar aðrar veiðar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

#### 3. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur atvinnumálaráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

#### 4. gr.

Útgerðarmenn þeir, sem hafa í hyggju að stunda sumarsildveiðar fyrir Norðurlandi á tímabilinu frá 1. júní til 1. október, skulu sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins fyrir 15. maí ár hvert og tilgreina í umsókn sinni, hvaða skip þeir ætli að nota til veiðanna og hvers konar veiðarfæri verði notuð.

#### 5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 8. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

#### 6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 46 22. apríl 1950, um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. maí 1952.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. bráðabirgðalög nr. 37 19. marz 1952, um breyting á þeim lögum.

*Atvinnumálaráðuneytið, 19. marz 1952.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnlaugur E. Briem.*